

Reykjavík 25/04 2022

Minnisblað #4 Uppbyggingaráætlun Skíðasvæðanna

ATH að neðangreind áætlun hefur enn ekki verið staðfest af öllum hluteigandi sveitarfélögum en kynning hefur gengið vel og aðeins 2 sveitarfélög hafa ekki sent inn tilkynningu um samþykkt.

Breytingar á uppröðun verkefna

Á vormánuðum 2022 var uppbyggingaráætlun Skíðasvæðanna tekin til endurskoðunar. Ástæða endurskoðunarinnar er í stuttu máli nýjir tímar og breyttar áherslur ásamt lærdómi af þeim verkum sem þegar eru langt komin í uppbyggingaráætluninni. Þetta leiddi til þess að verkefni sem fyrir voru á áætluninni var ýmist flýtt eða seinkað. Helstu breytingar eru þessar:

- Snjóframleiðsla í Bláfjöllum var færð fram um eitt ár. Áætluð uppsetning er árið 2023
- Stólalyfta í Skálafelli verður ný en ekki notuð.
- Veruleg innspýting verður sett í gönguskíðasvæðið í Bláfjöllum strax árið 2021.
- Stólalyftu í Skálafelli verður seinkað um eitt ár. Er nú áætluð uppsetning árið 2024.
- Snjóframleiðsla í Skálafelli frestað um eitt ár. Áætluð uppsetning er árið 2026.
- Nauðsynleg innviðaupbygging fari fram í Skálafelli strax árið 2023, ss. stærra bílaplan, lýsing í brekkur, verulegt magn af snjógirðingum ofl. Vegagerðin hefur jafnframt á áætlun hjá sér að malbika veginn í Skálafell árið 2023. Í fyrri áætlun var ekki gert ráð fyrir sérstakri innviðaupbyggingu samhliða nýrri stólalyftu eða snjóframleiðslukerfi.
- Lyfta í Eldborg og Kerlingadal í Bláfjöllum verður seinkað aftur í síðari áfanga uppbyggingaráætlunarinnar.

Uppbygging stólalyftna, Gosi og Drottning

Framleiðsla lyftnanna er langt komin. Flutningur er hafinn og fyrstu vinnuvélar frá ÍAV eru komnar í Bláfjöll. Verið er að ýta snjó frá svo hægt sé að hefjast handa við undirbúning sökkla að neðstu lyftumöstrunum og drifstöð Gosa. Drottningin verður unnin samhliða eða c.a. 3 vikum á eftir Gosanum. Afhending á Gosa, tilbúnum til notkunar, er seint í haust og afhending Drottningar er áætluð ári seinna. Þar sem báðar lyftur verða reistar á sama eða svipuðum tíma er möguleiki á að Drottningin verði tilbúin í janúar eða febrúar 2023. Í dag er ómögulegt að segja það með vissu en áætlað er að í lok sumars muni það liggja fyrir hvort hægt verði að afhenda Drottningu fyrr og þá hvenær.

Hönnun og framleiðsluferli lyftnanna hefur gengið vel hingað til. Verkefnastjóri þurfti að hafa afskipti að húðun lyftumastranna hjá framleiðanda en það gekk vel að leysa það. Þá hefur birginn upplýst okkur um að tæknileg vandamál hjá sér sem tengja má beint við stríðið í Úkraínu.

Vinnuáætlun fyrir Gosa og Drottningu fylgir minnisblaðinu.

Snjóframleiðsla í Bláfjöllum

Gert er ráð fyrir að útboðsgögn verði kláruð sumarið 2022 og að farið verði í útboð í haust.

Innviðaupbygging í Skálafelli

Skíðasvæðin og VSÓ hafa lauslega hafist handa við gerð og útfærslu innviðagreiningar. Stefnt er að tillaga og kostnaðaráætlun að innviðagreinginunni verði tilbúin haustið 2022. Með innviðagreiningu er fyrst og fremst verið að fjalla um nauðsynlega rekstrarþætti s.s. betri snjósöfnun, betra aðgengi að svæðinu, betri lýsingu og mótun brekkna og gönguleiða. Byggingar þjónustumiðstöðvar í Bláfjöllum og Skálafelli eru áætlaðar á seinna framkvæmdastigi uppbyggingaráætlunarinnar sem hefst árið 2027.

Göngusvæði í Bláfjöllum

Veruleg innspýting verður í gönguskíðamálum í Bláfjöllum strax árið 2022. Þá er líklegt að hægt verði að kaupa sérstakan troðara fyrir göngusvæðið, bæta verulega í merkingar, lýsingu og snjógirðingar. Þá er nýtt salernishús jafnframt á áætlun en útboði mun ljúka í sumar og framkvæmdir í haust eða til 31. október 2022.

Virðingarfyllt,

Magnús Árnason

Framkvæmdastjóri Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins